

Ed. 574. Frumvarp til laga [156. mál]

um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Drátt fyrir ákvæði b-liðs 10. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignar-skatt, er heimilt að draga skuldatöp skattþegna, samkvæmt II. kafla laga nr. 120 28. des. 1950, frá skattskyldum tekjum við allt að fimm næstu áramót eftir að skuldaskilum lauk, og þá jafnstóran hluta tapanna í hvert skipti.

2. gr.

Eignatap vegna skuldaskilanna, sem heimilt er að afskrifa samkv. 1. gr. þessara laga, skal og koma til frádráttar skattskyldri eign til stóreignaskatts, sbr. lög nr. 22 1950, og endurgreiðist sá hluti skattsins, sem til lækkunar kemur samkvæmt þessum frádrætti, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.